



Spilar Mozart á Mikladalnum

● Vestfjarðapósturinn skapaði sér nýja framtíð

Sigurður Bogi Sævarson
sbs@mbl.is

„Sendibréf eru undantekning en skammtur dagsins er samt alltaf drjúgur. Úti á landi hefur pósturinn talsvert annað hlutverk og meira en raunin er fyrir sunnan. Sumir pakkar eru risastórir; stundum heimilisteki, húsgögn eða annað slíkt. Fólk leggur traust sitt á þessa þjónustu,“ segir Anna Benkovic Mikaeisdóttir á Patreksfirði. Á fréttiferð um Vestfirði í síðustu viku hitti Morgunblaðsmaður Önnu þar sem hún hafði lagt bílnum út í kant við byggðina á Bíldudal. Þetta var morgunpásan, tilvalinn tími fyrir kók og samloku.

Allt fór í svelginn

„Ég hef unnið við margt, en eftir tæplega tvo mánuði í þessu starfi get ég sagt að fátt hefur mér fallið eins vel. Bíltúrinn hér á milli fjarðanna, um Mikladal frá Patreksfirði til Tálknafjarðar og svo áfram yfir Hálf-dán til Bíldudals, er skemmtilegur enda er leiðin stórbrotin,“ segir Anna og heldur áfram:

„Á Bíldudal tekur landpósturinn við en sjálf sinni ég bréfburði innanbæjar á Tálknafirði og finnst það hressandi göngutúr. Það er svo sem ekki lengi gert að rölta milli húsanna í 250 manna þorpi. En nú er fólkinu að fjölga og þá væntanlega bréfum og böggjum.“

Anna er efnatæknir að mennt og starfaði sem slíkur meðal annars í Danmörku, en sneri heim þegar allt virtist vera í blóma á Íslandi.

„Ég taldi okkur son minn komin í örugga stöðu en þetta fór allt í svelginn í hrininu. Myntkórfulánið hækkaði endalaust og bankinn hirti íbúðina okkar í Kópavogi. Auðvitað var þetta sárt, eins og þúsundir Íslendinga sem gengu í gegnum svipaða reynslu væntanlega þekkjá. En það var ekki annað í stöðunni en skapa sér framtíð á nýjum slóðum og því lá leiðin hing-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Bréfið „Sumir pakkar eru risastórir,“ segir Anna Benkovic sem finnst ferðalög um fjöll milli fjarða skemmtileg.

Á ÆTTIR AÐ REKJA AÐ SJÖUNDÁ Á RAUÐASANDI

Svartfuglssagan er nálæg

Í föðurætt er Anna Benkovic Jógóslavi. Faðir hennar, Mikael Gabríelsson, sem er látinn, kom hingað til lands meðal flóttamanna árið 1958. Móðir hennar, Sigríður Ósk Guðmundsdóttir, er hins vegar Vestfirðingur í fjórða lið, afkomandi þeirra Steinunnar Sveinsdóttur og Bjarna Bjarnasonar á Sjöundá á Rauðasandi, sem talin voru hafa myrt maka sína árið 1802. Margir hafa lagt út af þeirri

örlagasögu, sem Anna vill þó að sé sýnd full virðing.

„Þessi saga hefur alltaf verið mér nálæg. Móðir mín setti mig unga inn í málið, og skáldsögu Gunnars Gunnarssonar um þessa atburði, Svartfugl, las ég sem barn. Þótt liðin séu rúm tvö hundruð ár síðan þetta gerðist rífur sagan enn í og því mikilvægt að hún sé sögð af varfærni,“ segir Anna Benkovic.

að vestur þangað sem ég rek ættir mínar að hluta.“

Píanókonserter og Armstrong

Vestra hefur Anna sinnt kennslu, en byrjaði í póstinum nú í maí.

„Í þessu starfi er tónlistin góður bónus. Ég legg upp frá Patreksfirði á tíunda tímanum á morgnana, set þá disk í geislaspilarann í bílnum. Í morgun hef ég hlustað á undurfagan söng portúgalskra kvenna en oft er ég með The Smiths, eðalrokkið frá Led Zeppelin eða þá Svíana í Abba undir geislanum. Píanókonserter Mozarts eru í sérstöku eftirlæti hjá mér – fallegir og góðir fyrir sálina. En ekkert slær þó út Louis Armstrong með *It's a Wonderful World*,“ segir Vestfjarðapósturinn.